

Samráðsfundur sambandsins með Grunni/fræðslustjórum og sveitarstjórum þar sem ekki eru skólaskrifstofur/fræðslustjórar

haldinn á Teams 8. mars 2024 kl. 11:00-12:00

Til fundarins eru boðaðir:

- Fræðslustjórar sveitarfélaga, sveitarstjórar þar sem ekki eru skólaskrifstofur/fræðslustjórar
- Fulltrúar frá mennta- og barnamálaráðuneytinu
- Fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga

Dagskrá:

1. Frumvarp til laga um inngildandi menntun – til umsagnar í samráðsgátt til 12. mars 2024 – ör samantekt um aðdraganda og samráðsferlið

Áform um frumvarp til nýrrar heildarlaga um skólaþjónustu og nýja þjónustustofnun voru kynnt í samráðsgátt í október 2022

Í áformunum var m.a. vísað til:

- **Að í aðgerðaáætlun menntastefnu til ársins 2030**, er kveðið á um uppbyggingu heildstæðrar skólaþjónustu á grundvelli þrepaskipts stuðnings til að tryggja jafnrétti til náms og þjónustu við nemendur óháð búsetu.
- Markmið skólaþjónustu er að efla skóla sem faglegar stofnanir og veita nemendum, foreldrum, stjórnendum og starfsfólki fjölbreytta þjónustu sem styður við farsæla skólagöngu barna og gæðastarf í skólum. Mikilvægt er að þjónustan sé skilvirk, snemmtæk og mæti þörfum nemenda og starfsfólks á vettvangi, ásamt því að vera samþætt annarri þjónustu sem er veitt í þágu farsældar barna.
- **Til þessa hefur skólaþjónusta verið skilgreind með ólíkum hætti eftir skólastigum og engin heildarlöggjöf** er til staðar um skólaþjónustu fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla. Aðgengi að þjónustu og ráðgjöf er mismunandi, bæði milli og innan skólastiga og sveitarfélaga, sem leiðir til ójafnræðis. Þörf er á samhæfingu til að tryggja yfirsýn, skilvirkni og gæði þjónustunnar, svo sem þegar nemendur flytjast á milli skóla eða færast milli skólastiga.
- **Langvarandi ákall hefur verið eftir meiri ráðgjöf við starfsfólk á vettvangi og stuðningi við skólastarf** ásamt markvissari snemmtækum stuðningi við nemendur vegna náms, hegðunar, líðanar og félagsfærni.

Til að mæta framangreindu ákalli kynnti mennta- og barnamálaráðuneyti áform um setningu nýrrar heildarlöggjafar um skólaþjónustu. Í áformaskjalinu kom fram að:

Markmið hennar er að tryggja öllum skólum faglegt bakland í sínum fjölbreyttu verkefnum ásamt því að efla þverfaglega samvinnu milli skóla-, félags- og heilbrigðisþjónustu í þágu nemenda með hliðsjón af farsældarlögum og Barnvænu Íslandi.

Samhliða áformum um heildarlög um skólaþjónustu voru kynnt áfram um nýja þjónustustofnun um skólaþróun og skólaþjónustu með áherslu á stuðning við skólasamfélagið sem nú hafa orðið að lögum um Miðstöð menntunar og skólaþjónustu.

Kynning áformanna var fyrsta skrefið í víðtæku samráðsferli um útfærslu skólaþjónustu til framtíðar og greiningu þeirra gagna sem urður þar til m.a. frá:

- Rafrænum samráðsfundum í desember 2022 sem ráðuneytið stóð fyrir
- Vorfundi Grunns 2023: samstarf sambandsins og mnrn

- Samráðsfundi í desember 2023 með fulltrúum í Grunni og sveitar- og bæjarstjórum þar sem ekki eru fræðslustjórar: samstarf sambandsins og mrn, mms
- Á samráðstímanum var ráðgjafahópur starfandi með fulltrúum frá mrn, KÍ, mms, sambandinu, Grunni
- Spretthópur starfaði í desember 2023 með fulltrúum frá mrn, mms, sambandinu og stjórn Grunns

Nú liggur Frumvarp til laga um inngildandi menntun í samráðsgátt til 12. mars 2024.

2. Umræður, ábendingar og spurningar um Frumvarp til laga um inngildandi menntun

Samantekt umræðu, ábendinga og spurninga á fundinum:

Erna Kristín ráðuneytisstjóri mrn:

- Þakkaði fundarmönnum fyrir samráðið á tímabilinu
- Kallar eftir ábendingum og samtali um frumvarpið og bíður upp á frekara samtal óski sveitarfélög eða fulltrúar eftir því.

Margrét Björk Árborg:

- Hugtakanotkun – huga þarf að samræmingu
- Verkefnum innri og ytri skólapjónustu eru aukin svo og aukning í þjónustu vegna frístundastarfsins sem ávarpað er í lögnum
- Skipulag mannauður og kostnaður aukinn varðandi frístundapjónustu í lögum
- Handleiðsla – hver fellst í því, er það kennsluráðgjöf
- Skólapjónusta - Leiðsögn nýliða í starfi - hvað er átt við?
- Í greinargerð er fjallað um kostnaðarliðir sem aðallega er fjallað um aukin verkefni og kostnað vegna ríkisins. En mikill kostnaðarauki fyrir sveitarfélögin vegna aukinna verkefna

Erna Kristín ráðuneytisstjóri mrn:

- Þetta er sameiginlegt verkefni okkar - áhersla á að lögin verði innleidd og breytingarnar sem þau fela í sér
- Kostnaðarmat hefur farið fram og verður unnið áfram eftir því sem frumvarpið tekur breytingum
- Mikilvægt að fá upplýsingar frá sveitarfélögum - hvaða verkefni þau telja að sé verið að bæta á þau og ný verkefni
- Greiningardeild mrn getur unnið með þessa kostnaðargreiningu og aðstoðað sveitarfélög við það

Sigrún Daníelsdóttir mrn:

- Orða hlutina sem víðast. Handleiðsla, kallað hefur verið eftir aukinni handleiðslumenningu inn í skólana – t.d. jafningahandleiðslu. Starfstengda leiðsögnin – gefa henni meira rými.
- Frekar víð en afmarkandi það sem er átt við með þessu í frumvarpinu – ath aukin ábyrgð og kostnaður því hugtakið handleiðsla felur í sér ákveðið skilgreint verklag og handleiðsla er sérfærðinám.

Helgi Arnarson Reykjanesbæ:

- Fagnar frumvarpinu og líst vel á anda laganna
- Saknar þess að markmið laganna er ekki í frumvarpinumarkmiða laganna, sem kemur efst, sem veitir heildstæða og þverfaglega skólapjónustu.
- Vona að með því að kjarna textann í lögnum, þá kemur reglugerðin sterk inn. Hefði viljað sjá þrepaskipta stuðninginn ávarpaðan í lögnum.

- Hefði viljað hafa reglugerðinar til hliðsjónar við lestur frumvarpsins
- Ánægður með innri og ytri skólaþjónustu (stoðþjónustu) Mætti setja þessi orð í Orðskýringar.

Erna Kristín ráðuneytisstjóri mrn:

- Lögin eiga að vera rammi þess vegna er þrepaskiptinginn ekki þar inni. Kemur fram í greinargerðinni. Aðferðir útfærðar í reglugerðinni sem auðveldara er að breyta ferkar en lögum
- Kallaði eftir áliti og umsögn fundarmanna hvort þeir vilja sjá þrepaskiptan stuðning í lögum

Anna Tryggvadóttir skrifstofustjóri mrn:

- Varðandi markmiðsgrein laganna. Voru í vandræðum vegna þess að áherslur í frumvarpinu er inngilding sem ekki er skilgreint í markmiðum annarra laga s.s. leik, grunn-framhaldsskóla. Það hafa orðið breytingar í áherslum frá því þessi lög voru sett 2008

Ingibjörg Sigurjóns Norðurþingi:

- Norðurþing er að þjónusta breytt landssvæði
- ekki til nein formleg skólaþjónusta í framhaldsskólum en er nú skilgreind í frumvarpinu og eru skólar að gera þetta með mismunandi hætti - verður auglýst eftir starfsfólki í framhaldsskóla til að vinna við skólaþjónustu
- Geta sveitarfélög sótt um ráðgjöf/stuðning eða skólaþjónustu að hluta til hjá mms?

Anna Tryggvadóttir skrifstofustjóri mrn:

- Ytri: hægt að kaupa hluta af skólaþjónustu hjá MMS.
- Mikil vinna eftir í framhaldsskólunum, MMS ber ábyrgð á. Ekki fullmótað með sérfræðistörf við framhaldsskóla. Opið fyrir að framhaldsskólarnir/mms geti samið við sveitarfélög um að veita skólaþjónustu

Hlöðver Gunnarsson sviðsstjóri Borgarbyggð:

- Tekur undir að það hefði verið gott að sjá þrepaskiptan stuðninginn í frumvarpinu
- Líst vel á frumvarpið

Erna Kristín ráðuneytisstjóri mrn:

- Það væri gott að fá afstöðuna fram um þrepaskipta stuðninginn hvort fólk vill fá hann í lögin, eins og gert er í farsældinni

Dagný Hauksdóttir sviðsstjóri Akranesi:

- Fagnar nýjum áherslum í frumvarpinu
- Tekur einnig undir og spyr út í af hverju þrepaskiptur stuðningur er ekki í lögum
- Er fyrirhugað að vera með skipulagt innleiðingarferli? Er búið að kostnaðarmeta.

Erna Kristín ráðuneytisstjóri mrn:

- Búið að kostnaðarmeta, stóra málið þar er framhaldsskólarnir og MMS. Gróf greining á áhrif á sveitarfélögin. Endanlegt kostnaðarmat fer eftir því hvernig lögin enda.
- Óskar eftir ábendingum frá sveitarfélögum um:
- Hvaða auknu skyldur er á sveitarfélögin ?
- Varðandi innleiðingaráætlun þá er vilji til að fara í mjög skipulagða innleiðingu – eins og með farsældina

Kristín Jóhannesdóttir sviðsstjóri Akureyri:

- eru auknar skyldur vegna frístundastarfs, aukin fagmenntun, ráðgjöf?
- 5. gr. hvað þýðir það, hvar liggja mörk um þjónustu sem börn eiga rétt á, fer að reyna á þetta fyrir dómstólum ?

Anna Tryggvadóttir skrifstofustjóri mrn:

- Ekki veirð að útvíkka frístundastarfið frá lögum um núna. Á teikniborðinu endurskoðun um æskulýðslög, þá verður farið dýpra í skoðun á frístund. Ekki breyta lögbundnu inntaki frístundastarfs í þessu skrefi. En baklandið á að vera samræmt.
- Réttur til þjónustu: Þróunin er sú að fólk lætur reyna meira á réttindi sín. Reyna að kjarna réttindi barna í 5. Gr. Vonandi skilur það eftir sig að það auðveldi vinnuna.
- Ingibjörg Sigurjónsdóttir - spurning í chatti:
- Verða gerðar kröfur um lágmarksfjölda íbúa á bakvið hverja þjónustu. Svipað og í barnavernd.

Anna Tryggvadóttir skrifstofustjóri mrn:

- Hvatt til samvinna milli sveitarfélaga í ytri skólaþjónustu, til reglugerðarheimild um fagþekkingu. Ekki krafa um lágmarks íbúafjölda

Svala Hreinsdóttir sambandið:

- Er von að að reglugerðina verði tilbúna á næstunni?

Anna Tryggvadóttir skrifstofustjóri mrn:

- Til mikið efni nú þegar, vonandi verða til drög að reglugerðum þegar lögin fara fyrir þingið, þær fara eftir hvernig lendingin verður með lögin.

Kirstín Gestsdóttir Hornafirði:

- ánægð með samræmingu við farsældina. Mun þetta kalla á meiri skriffinnsku innan litlu skólanna? er þetta auka vinna við það sem verið er að vinna í dag?

Sigrún Daníelsdóttir mrn:

- Þetta á ekki að kalla eftir meiri skriffinnsku, fer eftir hvernig skipulagið er nú þegar. Markmið innri skólaþjónustu er að draga fram inngildandi menntun. Það hefur verið þróun í eh skólum að stoðþjónusta skóla hefur fjarlægst almenna skólastarfið. Kjarni frumvarpsins er inngildin, samvinna til að efla skóla sem faglegar menntastofnanir
- Ákall hefur ferkar verið um skýrara verklag ferla mála
- SD vísaði einnig til verkefna mms um þróun rafrænna nemendakerfis - markiðið er að draga út pappir og hafa upplýsingar á einum stað

Kirstín Gestsdóttir Hornafirði:

- Vísaði er í tengiliði í frumvarpinu – taki við beiðnum/umsóknum. kallar þetta á aukna skráningu eins og með farsældarlögin?

Anna Tryggvadóttir skrifstofustjóri mrn:

- Nei það fara ekki allar beiðnir í gegnum tengilið, bara verið að búa til farveg fyrir þessa típu af beiðnum. Ekki verið að formgera það sem er gert í viðbragði.
- Í vinnslu er endurskoðun á farsældarlögum sem snúa að “skrifræði” tengiliða

Einar Trausti Reykjanesi:

- Tækifæri í frumvarpinu til að vinna með
- Saknar hugtaksins, heildstæð skólaþjónusta að hún skíni í gegn.

Erna Kristín ráðuneytisstjóri mrn:

- Hugtakanotkun hefur verið rædd þe. hvað er skólaþjónusta, búið að kryfja í marga hringi. Allt opið enn þá, kallar eftir ábendingum frá vettvangi

Erna Kristín ráðuneytisstjóri mrn:

- **Kallar eftir áframhaldandi samstarfi. Ef það eru verkefni sem sveitarfélög telja að séu ný í frumvarpinu þá munu þær upplýsingar nýtast inn í kostnaðarmatið, endilega að fá ábendingar um þau verkefni.**

Halldóra G Helgadóttir spurning úr chatti:

- Mig langar að spyrja um 6. grein. Er verið að segja þar að allar beiðnir sem berast skólaþjónustu fari í gegnum tengilið skólanna?

Anna Tryggvadóttir skrifstofustjóri mnn:

- Ekki allar beiðnir - ekki verið að útiloka það sífellda samtal sem er í gangi í skólastarfinu en það er verið að búa til farveg fyrir þessar típur af beiðnum